

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 39/2009

frá 17. mars 2009

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2009 frá 5. febrúar 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2008/473/EB frá 5. júní 2008 um takmörkun á einkaréttarábyrgð löggiltra endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 15. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2005/162/EB) í XXII. viðauka við samninginn:

„16. **32008 H 0473**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2008/473/EB frá 5. júní 2008 um takmörkun á einkaréttarábyrgð löggiltra endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja (Stjtið. ESB L 162, 21.6.2008, bls. 39).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilmæla 2008/473/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 73, 19.3.2009, bls. 59, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 16, 19.3.2009, bls. 30.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 162, 21.6.2008, bls. 39.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 17. mars 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

Sameiginleg yfirlýsing samningsaðila

vegna ákvörðunar nr. 39/2009 um að fella tilmæli 2008/473/EB inn í samninginn

„Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2008/473/EB frá 5. júní 2008 um takmörkun á einkaréttarábyrgð löggiltra endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja lýtur að einkaréttarábyrgð endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja. Þessi tilmæli eru felld inn í EES-samninginn með fyrirvara um gildissvið samningsins.“